

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 21. október 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-98/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 14. desember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ætlaðra kaupa fyrirtækisins á baðkari af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að verulegur dráttur hafi orðið á afhendingu baðkarsins og krefst skaðabóta vegna tjóns af þeim sökum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 17. desember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 15. október 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi óskaði eftir því þann 19. september 2018 að kaupa baðkar af gerðinni Burlington Arunder Cleargreen af seljanda. Þanta varð baðkarið frá birgja í Bretlandi og að sögn álitsbeiðanda var bið eftir sendingunni um þrjár til fjórar vikur. Baðkarið átti að kosta 52.419 krónur án virðisaukaskatts og greiddi álitsbeiðandi 35.000 krónur í staðfestingargjald þann 19. september.

Þann 17. október 2018 hafði álitsbeiðandi ekki fengið fregnir af staðsetningu baðkarsins og óskaði því eftir upplýsingum frá seljanda um það hvenær baðkarið væri væntanlegt til landsins. Starfsmaður seljanda sagði þá að það yrði um þriggja vikna bið til viðbótar eftir pöntuninni. Þann 1. nóvember 2018 fékk álitsbeiðandi þær upplýsingar að baðkarið myndi berast fyrir lok næstu viku, þ.e. fyrir 10. nóvember. Álitsbeiðandi kveðst hafa mætt á starfsstöð seljanda þann dag til að sækja baðkarið en þá hafði baðkarið ekki borist. Fékk álitsbeiðandi þær upplýsingar að pöntunin hafi aldrei verið „almennilega send út“ og að ný pöntun hafi verið gerð.

Þann 4. desember 2018 fékk álitsbeiðandi upplýsingar frá rekstrarstjóra seljanda þess efnis að „sending sé í einhverju kosmósi sem ég er ekki í aðstöðu til að geta breytt“. Voru þá 11 vikur frá pöntun baðkarsins. Þann 5. desember hafði álitsbeiðandi samband við framleiðanda baðkarsins í Bretlandi og vildi kvarta yfir störfum seljanda auk þess að fá upplýsingar um það hvar pöntunin væri stödd. Í tölvupósti frá framleiðanda, sem liggur fyrir í málinu, kemur fram að pöntunin hafi borist frá seljanda en baðkarið hafi ekki verið sent úr húsi þar sem greiðsla hafi ekki borist. Þá segir að baðkarið verði sent til landsins um leið og greiðsla berist frá seljanda.

Þann 6. desember segir álitsbeiðandi að hann hafi endanlega gefist upp á að bíða eftir baðkarinu og óskaði eftir endurgreiðslu frá seljanda. Seljandi kvaðst ætla að hafa samband við álitsbeiðanda og millifæra á hann en gerði það ekki þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Það var ekki fyrir en að álitsbeiðandi mætti loks að starfsstöð seljanda þann 12. desember 2018 og talaði við framkvæmdastjóra fyrirtækisins sem álitsbeiðandi fékk endurgreitt.

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi var að endurinnrétta fasteign. Álitsbeiðandi kveðst hafa búist við baðkarinu innan þriggja til fjögurra vikna líkt og seljandi hafi fullyrt og því hafi framkvæmdir hafist á baðherbergi fasteignarinnar. Fjölskylda álitsbeiðanda hafi vegna tafa á afhendingu baðkarsins verið án baðkars í sjö vikur. Hafi fjölskyldumeðlimir t.a.m. þurft að fara í almenningssundlaugar til að komast í sturtu.

Álitsbeiðandi telur að hann eigi rétt á skaðabótum vegna afhendingardráttar þar sem seljandi hafi aldrei klárað pöntunina og leynt ástæðum þess að baðkarið hefði ekki borist.

#### IV

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og áður segir óskaði álitsbeiðandi eftir því að kaupa baðkar af gerðinni Burlington Arunder Cleargreen af seljanda þann 19. september 2018. Þann dag var innt af hendi greiðsla að fjárhæð 35.000 krónur til staðfestingar á pöntuninni. Baðkarið ætlaði seljandi að panta hjá birgja í Bretlandi sem myndi í kjölfarið senda baðkarið til landsins. Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting frá starfsmanni seljanda í tölvupósti um að áætlaður sendingartími baðkarsins til Íslands hafi átt að vera fjórar til fimm vikur. Segist starfsmaðurinn harma það að geta ekki staðið við þann afhendingardag sem gefinn var í upphafi. Að sögn starfsmannsins er ein af ástæðum fyrir töfunum sú að skipulagsbreytingar væru innanhúss. Nýr framkvæmdastjóri sé m.a. að semja á ný við birgja eins og framleiðanda baðkarsins. Álitsbeiðandi hefur krafist skaðabóta vegna afhendingardráttar þar sem hann hafi beðið sjö til átta vikum lengur en áætlað var eftir baðkari sem var „aldrei á leiðinni til landsins“. Þá hafi það tekið viku að fá staðfestingargjaldið að fjárhæð 35.000 krónur endurgreitt.

Kærunefndin álítur að 22. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup (lkpl.) eigi við í málinu. Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi m.a. krafist efnda, riftunar og skaðabóta ef hlutur er afhentur of seint og kaupanda er ekki um að kenna. Álitsbeiðandi hefur þegar rift samningnum milli aðila og verður litið svo á að seljandi hafi fallist á riftunina með endurgreiðslu til álitsbeiðanda. Það hefur þó ekki áhrif á möguleika álitsbeiðanda til að krefjast skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Mælt er fyrir um skaðabætur vegna afhendingardráttar í 27. gr. lkpl., en 1. mgr. ákvæðisins er svohljóðandi:

##### **27. gr.** Skaðabætur.

*Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þetta gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.*

[...]

Í málinu liggur fyrir staðfesting þess efnis að baðkarið hafi átt að berast fjórum til fimm vikum eftir að pöntun var gerð. Afhending átti samkvæmt því að fara fram á tímabilinu 17. október til 24. október 2018. Dráttur á afhendingu, þar til álitsbeiðandi krafðist endurgreiðslu var því 11 vikur og 1 dagur, tæplega þrefaldur sá biðtími sem álitsbeiðandi gerði ráð fyrir í upphafi. Þá liðu sex dagar til viðbótar þar til álitsbeiðandi fékk endurgreitt. Verður ekki annað séð en að ástæða afhendingardráttarins hafi verið vegna mistaka eða misskilnings af hálfu starfsmanna seljanda.

Um fjárhæð bóta er fjallað um í 67. gr. lkpl., en samkvæmt ákvæðinu skulu skaðabætur svara til þess tjóns sem aðili verður fyrir vegna vanefnda.

Álitsbeiðandi var að endurinnrétta fasteign og kveðst hann hafa hafist handa við áætlaðar framkvæmdir á baðherbergi fasteignarinnar, þar sem eldra baðkar var m.a. fjarlægt, í ljósi þess loforðs seljanda að baðkarið bærist til landsins innan þriggja til fjögurra vikna frá greiðslu staðfestingargjalds. Álitsbeiðandi varð því án efa fyrir óþægindum vegna tafa á framkvæmdum á baðherberginu. Þá urðu fjölskyldumeðlimir að sögn álitsbeiðanda fara í sund til þess að baða sig þann tíma sem ekkert baðkar var á heimilinu. Auk þess keyrði álitsbeiðandi minnst tvisvar að starfsstöð seljanda þar sem erfiðlega gekk að fá upplýsingar frá starfsmönnum seljanda.

Þegar dráttur verður á afhendingu getur það valdið kaupanda margvíslegu fjárhagslegu tjóni. Það er hins vegar undir kaupanda komið að sanna að hann hafi raunverulega orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna afhendingardráttarins. Ef ekkert fjárhagslegt tjón er sannað er ekki unnt að fallast á bætur vegna afhendingardráttar.

Krafa álitsbeiðanda um skaðabætur er ekki studd neinum gögnum sem staðreyna raunverulegt fjárhagslegt tjón álitsbeiðanda vegna afhendingardráttarins. Álitsbeiðandi hefur ekki heldur gert tilraun til að leggja fram útskýringar til stuðnings þeirri kröfu að hann eigi rétt á skaðabótum vegna fjárhagslegs tjóns. Hefur því ekkert komið fram sem lagt getur grunn að tilvist skaðabótakröfu í málinu.

Er kærunefndinni samkvæmt framangreindu ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson